

Selfossi, 26. janúar 2012  
1110157

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð  
Arndís Á. Steinþórsdóttir  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNBYTID	
Skj.fl.	10.7.2
Innk.	30. JAN. 2012
Ahm.	116
SI.R	11100038

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 26. janúar var tekið fyrir – Úthlutun byggðakvóta 2011-2012.

Eftirfarandi var bókað:

Með vísan til 2. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012, samþykkir bæjarráð eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks:

Ákvæði 4. gr. breytist og verður:

Vegna Eyrarbakka:

Byggðakvóta Eyrarbakka skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla, sem unninn hefur verið á Eyrarbakka, á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.

Vegna Stokkseyrar:

Byggðakvóta Stokkseyrar skal úthlutað til fiskiskipa miðað við landaðan afla í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.

Rökstuðningur:

Í byggðarlögunum Eyrarbakka og Stokkseyri háttar þannig til að ekki er hafnaraðstaða til löndunar afla. Nauðsynlegt er því að veitt verði undanþága frá þeirri skyldu að afla sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðarlagi. Verði slík undanþága veitt verður fiskiskipu, sem fá byggðakvóta úthlutað, unnt að landa afla í Þorlákshöfn eða öðrum nálægum höfnum.


Megináhersla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerðar nr. 1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa er að styrkja atvinnusköpun innan byggðarlaga sem uppfylla tiltekin skilyrði með úthlutun byggðakvóta en ekki að styrkja einstakar útgerðir eða fiskvinnslur. Með hliðsjón af þessu markmiði telur bæjarráð rétt og eðlilegt að afli sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé unninn í því byggðarlagi sem byggðakvótinn tilheyrir, þ.e. byggðakvóti Stokkseyrar sé unninn á Stokkseyri og byggðakvóti Eyrarbakka sé unninn á Eyrarbakka. Í báðum byggðarlögunum háttar nú þannig til að þar eru reknar fiskvinnslur, tvær á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka og því er unnt að vinna afla hvors byggðarlags um sig innan viðkomandi byggðarlags. Bæjarráð telur því ekki rök fyrir því að óska eftir undanþágu frá skilyrðum um

vinnsluskyldu innan byggðarlags með þeim hætti að heimilað verði að vinna afla á grundvelli byggðakvóta á stærra svæði, s.s. í sveitarfélaginu eða í landshlutanum. Telja verður að slíkt væri einnig andstætt megintilgangi með úthlutun byggðakvóta á grundvelli fiskveiðistjórnunarlaganna og að sjávarútvegsráðuneytinu væri ekki heimilt að fallast á slíka beiðni.

Í bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins til sveitarfélagsins, dags. 21. desember 2011 er þeim tilmælum beint til bæjarstjórnar að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta þegar reglur um ráðstöfun hans verða mótaðar, auk þess sem minnt er á að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi. Á Eyrarbakka háttar þannig til að þar eru þrjár útgerðir skráðar með lögheimili og hóf ein þeirra rekstur fiskvinnslu á síðari hluta ársins 2011. Til að aflu á grundvelli byggðakvóta Eyrarbakka megi nýtast byggðalaginu, þarf úthlutun hans til fiskiskipa að taka mið af því að vinna megi hann í fiskverkuninni á Eyrarbakka. Ekki er samkomulag milli einu fiskverkunarinnar á Eyrarbakka og þeirra tveggja útgerða sem ekki reka fiskvinnslu um að fiskvinnslan taki afla frá síðarnefndu útgerðunum til vinnslu. Öllum er frjálst að hefja fiskvinnslu til að geta í framtíðinni uppfyllt skilyrði laganna um vinnsluskyldu innan byggðarlags. Telur bæjarráð því nauðsynlegt að við úthlutun til fiskiskipa verði tekið mið af lönduðum afla sem unninn hefur verið á Eyrarbakka á sl. ári, með öðru móti verði ekki tryggt að aflinn komi til vinnslu á Eyrarbakka á yfirstandandi fiskveiðiári.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Asta Stefánsdóttir

framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar



Sveitarfélagið  
ÁRBORG